

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Bjarnhólar



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	14.10.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Borgarbyggð	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Borgarbraut 14	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5106942289	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrafnhildur Tryggvadóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ámundi Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	360101,859 451983,822

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu.

Samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfi urðunarstaðarins áttu umhverfismarkmið að liggja fyrir ekki síðar en 1. júlí 2016 en fram kom í eftirliti að þau liggja ekki fyrir.

Samkvæmt gr. 4.2 áttu fyrstu mælingar samkvæmt mælingaáætlun að fara fram fyrir 1. október 2016 en fram kom í eftirlitinu að þær mælingar hafa ekki farið fram.

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu við að starfsleyfið og viðeigandi lög og reglugerðir ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum var ekki tiltæk á urðunarstaðnum sjálfum heldur einungis í ráðhúsi sveitafélagsins.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í sorpurðun Borgarbyggðar að Bjarnhólum. Farið var yfir nýtt starfsleyfi er gefið var út 6. apríl á þessu ári. Farið var yfir skráningar og eftirlitsmælingar er fara þurfa fram og þau tímamörk er gilda.

Áætlun um lokun urðunarstaðarins þarf að liggja fyrir tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

Umhverfismarkmið áttu samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfinu að liggja fyrir ekki síðar en 1. júlí en fram kom í eftirlitinu fram kom að þau liggja ekki fyrir.

Samkvæmt gr. 4.2, eiga mælingar á hæð grunnvatnsborðs að fara fram tvisvar á ári og seinna skiptið fyrir 1. okt. Einnig áttu mælingar á samsetningu á grunnvatni, yfirborðsvatni og rennsli yfirborðsvatns að fara fram fyrir 1. okt. 2016. Fram kom í eftirliti að þessar mælingar hafa ekki verið framkvæmdar.

Samkvæmt gr. 3.1 á að tilkynna eftirlitsaðila um það án tafar ef úrgangi er ekki samræmdist móttökuskilyrðum væri hafnað. Fyrirspurn kom frá rekstraraðila hvort tilkynna ætti líka hver úrgangshafi væri. Er það mat Umhverfisstofnunar að svo þurfi að vera til að koma megi í veg fyrir ólögulega losun úrgangs.

Samkvæmt gr. 4.1 á að skrá breytingar á umfangi urðaðs úrgangs (sig). Rekstraraðili kom með fyrirspurn um hversu oft ætti að framkvæma slíkar mælingar. Samkvæmt gr. 4.5 á að senda Umhverfisstofnun niðurstöðu skráninga sbr. gr. 4.1 árlega og á því að mæla sig urðaðs úrgangs að minnsta kosti einu sinni á ári.

Farið var á urðunarstaðinn og svæðið skoðað. Engin starfsmannaaðstaða er á svæðinu og var hlið á aðkeyrslu vegi opið enda urðun í gangi samkvæmt umsjónamanni. Samkvæmt gr. 2.3 eiga eintök af starfsleyfinu og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum ávallt að vera aðgengileg í starfstöð. Slík starfstöð er ekki til staðar á urðunarstaðnum sjálfum en þessi gögn lágu fyrir í ráðhúsi Borgarbyggðar.

Urðunarstaðurinn sjálfur er ekki afgirtur sérstaklega en svæðið er girt með eldri girðingu. Fram kom í eftirlitinu að verktaki væri væntanlegur á næstu dögum til að girða svæðið af.

Staðsetning grunnvatnsbrunnna var rædd og kom fulltrúi Umhverfisstofnunar sínum sjónarmiðum fram.

### Frávik frá

Grein 2.1

### Lýsing á frávik

Umhverfismarkmið áttu samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfinu að liggja fyrir ekki síðar en 1. júlí en fram kom í eftirlitinu fram kom að þau liggja ekki fyrir.

Grein 4.1

Samkvæmt gr. 4.2, eiga mælingar á hæð grunnvatnsborðs að fara fram tvisvar á ári og seinna skiptið fyrir 1. okt. Einnig áttu mælingar á samsetningu á grunnvatni, yfirborðsvatni og rennsli yfirborðsvatns að fara fram fyrir 1. okt. 2016. Fram kom í eftirliti að þessar mælingar hafa ekki verið framkvæmdar.

#### **ATHUGASEMDIR**

Starfsleyfið og viðeigandi lög og reglugerðir ásamt uppdrætti af urðunarstaðunum var ekki tiltæk á urðunarstaðnum sjálfum heldur einungis í ráðhúsi sveitafélagsins.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.10.2016



Sverrir Aðalsteinn Jónsson